

Starfsleyf.

Bragi Sigurjónsson

Kt: 170636 - 7919

Leyfi til að starfrækja: **Aðstöðu til geymslu og flokkunar jarðefna**

Aðsetur starfsemi: **Geirland, Kópavogur**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsemin fer fram á vatnsverndarsvæði, skilgreint sem öryggissvæði vegna grunnvatns. Ákvæði samþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar gildir eftir því sem við á.

Leyfið gildir frá 24. september 2018 til 23. september 2022

Leyfið er einnig gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt, sem og neðangreindum starfsleyfisskilyrðum.

Gildissvið

Leyfið tekur til lageraðstöðu fyrir jarðefni og flokkun þeirra á afmörkuðu svæði norðan Suðurlandsvegar í landi Geirlands, sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sbr. og lið 2.6 *Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar, vikur og grjótnám* og lið 2.7 *Önnur sambærileg starfsemi með jarðefni* í X. viðauka við sömu reglugerð.

Landnotkun

Leyfið er gefið út með vísan til samþykktar skipulagsráðs Kópavogsbæjar sem bæjarráð Kópavogs staðfesti þann 26. júlí 2018.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í auglýsingu nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna.

Leyfishafi skal taka mið af Öryggisreglum fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins útgefnum af Veitum (19.10.2016).

Vinnslutími

Lágmarka skal ónæði vegna hávaða frá flokkunarvél og skal í þeim tilgangi takmarka vinnslutíma við virka daga (mánudaga til föstudaga) á milli kl. 8 og 19 og laugardaga milli kl. 9 og 18, og uppfylla að öðru leyti ákvæði sem fram koma í töflu III um mörk frá atvinnustarfsemi í viðauka við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Olíunotkun

Olíuáfyllingar á svæðinu eru aðeins heimilaðar á tæki sem tengjast beint rekstrinum og annarri starfsemi sem fram fer á Geirlandi. Olíuáfyllingar á vörubifreiðar skulu fara fram á sölustöðum eldsneytis.

Mengunaróhöpp

Gæta skal ítrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar og verði vart olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. **Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja hana strax skal Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins þegar gert viðvart um neyðarsíma 112.**

Ásýnd svæðis og lóðar

Halda skal lóð snyrtilegri og tryggja að ásýnd svæðisins sé ekki til lýta í umhverfi. Óheimilt er að nýta vinnslu- og lagersvæðið til geymslu á tækjum eða á öðrum lausamunum sem ekki eru hluti af daglegum rekstri.

Hljóðmön

Leyfishafi skal tryggja að umhverfis starfsemin sé hljóðmön, þannig að flokkunarvél og stærstu malarbingir verði hulin íbúum í nálægu hverfi í landi Elliðakots og hávaði takmarkist að sama skapi.

Spilliefni og úrgangur

Öll förgun úrgangs, þ.m.t. brennsla og urðun, er bönnuð á svæðinu. Um meðhöndlun úrgangs gilda ákvæði í III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun úrgangs, meðferð og geymslu hans og þrífnað lóðar.

Frágangur að loknum vinnslutíma

Leyfið gildir til 23. september 2022. Í lok vinnslutíma skal frágangur svæðis vera í samræmi við kröfur Bæjarskipulags Kópavogs. Sama gildir ef starfsemin hættir á gildistíma starfsleyfis.

Eintök af starfsleyfi skal ávallt tiltækt hjá leyfishafa. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfið ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Leyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Leyfið er óframseljanlegt og bundið skilyrði um að vinnslan sé á hendi leyfishafa. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðabær, 19. október 2018